

REGLUR

fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreining.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, sem lýtur stjórn sem kjörin er samkvæmt 4. gr. og nefnist kirkjugarðsstjórn.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma lúta yfirstjórn prófaste og biskups.

2. gr.

Helstu verkefni kirkjugarðsstjórnar.

Kirkjugarðsstjórn hefur m.a. á hendi umsjón og fjárhald Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sér um framkvæmd grafartöku og árlega lögbundna umhirðu grafarsvæða.

Um nánari útfærslu á lögboðnum verkefnum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma fer eftir fyrirmælum í lögum og þeim reglugerðum sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að reka útfararþjónustu og skal sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar og verkefnum sem henni er heimilt að takast á hendur samkvæmt lögum.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fela sérstakri framkvæmdastjórn að annast þau verkefni sem tilgreind eru í reglum þessum. Um skipan framkvæmdastjórnar fer samkvæmt 8. gr.

3. gr.

Kapella, líkhús og aðstaða starfsmanna.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að, fjármagna og annast rekstur kapelli og líkhúss við þá kirkjugarða sem þörf er á, enda bitni sá rekstur ekki á lögbundnum verkefnum. Heimilt er og að koma upp húsnæðisaðstöðu fyrir starfsemi kirkjugarðanna.

4. gr.

Skipan kirkjugarðsstjórnar.

Kirkjugarðsstjórn skal skipuð með eftirfarandi hætti:

Einn fulltrúi og einn til vara skal kosinn af hverri sóknarnefnd þjóðkirkjunnar og einn fulltrúi og einn til vara úr hverju trú- og lífsskoðunarfélagi, sem hefur a.m.k. 1.500 meðlimi 16 ára og eldri. Fulltrúa trú- og lífsskoðunarfélaga sem hafa færri en 1.500 meðlimi 16 ára og eldri má boða til samráðsfundar ef þurfa þykir.

Prófastar í Reykjavíkurprófastsdæmum sitja fundi hvor sitt árið og er hinn þá varamaður. Þeir hafa atkvæðisrétt þegar tala fundarmanna er jöfn.

5. gr.

Ráðning framkvæmdastjóra, verkefni hans og kjör.

Kirkjugarðsstjórn ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur kirkjugarðanna, annast ráðningu starfsfólks og sér um framkvæmdir í samráði við framkvæmdastjórn, samkvæmt starfslýsingu sem kirkjugarðsstjórn setur.

Framkvæmdastjórn semur um ráðningarkjör og önnur starfskjör framkvæmdastjóra.

6. gr.

Tilkynningar um fulltrúa í kirkjugarðsstjórn, fundarboð o.fl.

Sóknarnefndum þjóðkirkjunnar og trú- og lífskoðunarfélögum ber að tilkynna skriflega til framkvæmdastjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, fyrir hönd kirkjugarðsstjórnar, hverjir verði aðal- og varamenn í kirkjugarðsstjórn strax og kosning þeirra hefur farið fram. Í tilkynningu skal greina nafn viðkomandi, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer, svo og hvert eigi að beina fundarboði.

Boðun á fundi í kirkjugarðsstjórn telst réttilega send og fram komin, sé hún send með sannanlegum hætti og nægilegum fyrirvara til þess staðar, sem tilkynntur hefur verið fyrir hvern aðalmann samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Ef aðalmaður forfallast eftir að hann hefur fengið fundarboð ábyrgist hann að varamaður verði boðaður í sinn stað.

Sjái aðalmaður fram á forföll af sinni hálfu, getur hann tilkynnt það fyrir fram til framkvæmdastjóra með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti að hann geti ekki sótt fundi í kirkjugarðsstjórn sem sér þá um að boða varamann.

7. gr.

Fundir kirkjugarðsstjórnar.

Kirkjugarðsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir.

Halda skal fund í kirkjugarðsstjórn óski helmingur eða fleiri fulltrúar eftir því skriflega við formann.

Aðalfund kirkjugarðsstjórnar skal halda eigi síðar en í maímánuði ár hvert og skulu þar teknir fyrir eftirtaldir dagskrárliðir.

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemina á næstliðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma skýrðir og lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrsla um starfsemi.
4. Ákvörðun um þóknun fyrir setu í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.
5. Kosning í framkvæmdastjórn KGRP, sbr. 8. gr.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og tveggja til vara til tveggja ára.
7. Önnur mál, löglega fram borin.

Endurskoðaðir reikningar samkvæmt 2. tölul. skulu sendir fundarmönnum með aðalfundarboði.

Boða skal aðalfund með 10 daga fyrirvara, en aðra fundi með minnst viku fyrirvara. Heimilt er að senda fundarboð, reikninga og önnur fundargögn með rafrænum hætti.

8. gr.

Framkvæmdastjórn.

Kirkjugarðsstjórn skal á aðalfundi kjósa úr sínum hópi til tveggja ára í senn, formann, tvo meðstjórnendur og tvo varamenn í framkvæmdastjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega.

Kosið skal um hluta framkvæmdastjórnar á tveggja ára fresti; formann og einn varamann annað árið og tvo meðstjórnendur og einn varamann hitt árið.

Engum er heimilt að sitja samfelld lengur en þrjú kjörtímabil.

Framkvæmdastjórn annast þau verkefni, í umboði og á ábyrgð kirkjugarðsstjórnar, sem henni eru fengin með reglum þessum. Formaður og varaformaður framkvæmdastjórnar skulu jafnframt vera formaður og varaformaður kirkjugarðsstjórnar.

Kirkjugarðsstjórn ákveður þóknun til þeirra sem sitja í framkvæmdastjórn.

9. gr.

Helstu verkefni framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn fer í umboði kirkjugarðsstjórnar með stjórn og umsjón með öllum rekstri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Hún gerir í lok hvers árs áætlun um tekjur og gjöld kirkjugarðanna fyrir næsta ár.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að saminn sé reikningur um tekjur og gjöld næstliðins árs og efnahagsreikningur, sem lagður skal fyrir aðalfund.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Kjósa skal skoðunarmenn reikninga úr hópi stjórnarmanna í kirkjugarðsstjórn og skal þeim heimill allur aðgangur að bókhaldi og fylgiskjölum.

Framkvæmdastjórn skal, í umboði kirkjugarðsstjórnar, annast um að endurskoðaðir reikningar séu sendir Ríkisendurskoðun fyrir 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

10. gr.

Daglegur rekstur.

Framkvæmdastjórn felur framkvæmdastjóra að sjá um daglegan rekstur kirkjugarðanna í samræmi við stefnu og samþykktir stjórnar.

11. gr.

Fundir framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn heldur fundi mánaðarlega eða oftar ef þurfa þykir.

Halda skal fundi í framkvæmdastjórn ef formaður ákveður eða ef tveir aðrir fulltrúar framkvæmdastjórnar eða framkvæmdastjóri krefjast þess.

Formaður boðar til fundar í framkvæmdastjórn, eða framkvæmdastjóri í umboði hans, og skal boða fund með a.m.k. sólarhringsfyrirvara.

Framkvæmdastjóri situr fundi framkvæmdastjórnar og undirbýr þá.

12. gr.

Útfararþjónusta.

Kirkjugarðsstjórn skal heimilt að annast rekstur á útfararþjónustu í því formi sem lög leyfa, að fengnu leyfi sýslumanns.

Hafa skal rekstur útfararþjónustu og fjárhag henni tengdan algerlega aðskilinn frá starfsemi sem telst til lögboðinna verkefna kirkjugarðsstjórnar.

II. KAFLI

Stærð og frágangur minnismarkja.

13. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til allra minnismarkja í skilningi laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, sbr. einnig 15. gr. þessara reglna og skulu hafa gildi innan umdæmis Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma fer með framkvæmd þessara reglna. Stjórnin má fela starfsfólki Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma framkvæmd einstakra þátta.

14. gr.

Markmið.

Markmið reglnanna er að tryggja að legsteinar séu settir niður á grafreiti með samræmdum og skipulögðum hætti. Jafnframt setja reglur þessar stærðar- og umfangsmörk minnismarkja á grafreitum.

Ekki má setja girðingar úr steini, málm, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Þá er ekki heimilt að reisa grafhýsi.

15. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Minnismerki: Samheiti fyrir legsteina, krossa o.fl., sem reist eru á grafreitum.

Legsteinn: Minnismerki úr steini sem ber nafn eða nöfn þeirra er hvíla í grafreit og grafskrift.

Púltsteinn: Ferkantaður legsteinn sem liggur láréttur á jörðu og með skáhallandi leturfleti með nöfnum og grafskrift.

Náttúrusteinn: Legsteinn eða púltsteinn sem ekki hefur verið slípaður.

Platti: Niðurgrafin undirstaða legsteins úr járnbennti steinsteypu.

Undirsteinn: Undirstaða eða sökkull legsteins, oft úr sama efni og legsteinninn sjálfur og er lögð í jarðvegryfirborð eða ofan á platta.

Grafreitur: Samheiti fyrir kistugrafstæði og duftgrafstæði.

Kistugrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar látins einstaklings eða látinna einstaklinga.

Duftgrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar á duftkerjum með ösku látins einstaklings eða látinna einstaklinga að lokinni líkbrennslu.

Blómarammi: Afmörkun á beði.

16. gr.

Uppsetning minnismerkis.

Sá sem vill setja minnismerki á leiði eða duftreit skal fá til þess leyfi frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma. Viðhald legsteina og minnismerkja er í umsjá aðstandenda.

Frágangur minnismerkja skal vera svo traustur, að þau hvorki raski, né ýti til jarðvegi, þótt gröf sé tekin við hlið þeirra.

Aðstandendur geta falið þriðja aðila sem selja minnismerki uppsetninguna og þurfa þeir einnig að leggja fram skriflega lýsingu og fá skriflegt leyfi fyrir uppsetningu. Minnismerkin og uppsetning þeirra er alfarið á ábyrgð aðstandenda og á kostnað þeirra. Mælt er til þess að uppsetning legsteins fari ekki fram fyrir en ári eftir jarðsetningu eða að lágmarki að heilum vetri liðnum. Minnismerki úr plasti eru ekki leyfileg. Leyfilegt er að setja upp bráðabirgðamerkingar á grafir, s.s. trékrossa á kistugrafir eða svonefnd púlt úr krossviði á tveimur tréhælum með áföstu skilti á duftgrafir. Starfsfólk Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma skal veita aðstandendum leiðbeiningar varðandi reglur þessar sé þess óskað. Starfsfólki Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er heimilt að færa uppsetningu minnismerkja til samræmis við reglur þessar eftir að tilkynning hefur verið send aðstandendum um að þeim beri að færa minnismerki til réttis hofs. Í slíkri tilkynningu skal tilgreindur hóflegur frestur til þess að ljúka framkvæmdum. Aðstandendur skulu bera allan kostnað og ábyrgð sem hlýst af tilfærslu legsteina sem ekki eru uppsettir í samræmi við reglur þessar.

17. gr.

Kistugrafstæði.

Starfsfólk Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma markar grafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis. Heimilt er að jarðsetja duftker í kistugrafstæði sem þegar hefur verið jarðsett í.

18. gr.

Stærð legsteins.

Hámarksbreidd legsteins á einfalt grafstæði er 0,8 metrar, að meðtöldum undirsteini, en 1,8 metrar ef legsteinn nær yfir tvö grafstæði. Nái legsteinn yfir fleiri en tvö grafstæði, skal þess gætt að steinninn fari ekki nær næstu grafstæðum til hvorrar handar en nemur 0,3 metrum. Hámarkshæð legsteins frá yfirborði jarðar er 1,4 metrar.

Allir legsteinar aðrir en púltsteinar skulu standa á platta. Til stuðnings legsteinum sem eru 0,8 metrar eða hærri er skylt að setja platta. Skal þykkt plattans vera a.m.k. 10 sentimetrar, sem næst ferhyrndur og skal hlutfallsleg stærð hans samsvara 0,5 fermetrum á hvern metra af hæð legsteinsins. Standi legsteinn á platta skal staðsetja legsteininn sem næst miðju plattans.

19. gr.

Undirlag legsteins.

Skylt er að hafa jarðvegsskipti undir legstein. Skal grafa 0,45 metra undir jarðvegsyfirborð fyrir legstein og a.m.k. 0,2 metra út fyrir undirstöðu legsteins á alla kanta. Eftir að legsteini hefur verið komið fyrir skal leggja að frostfrítt efni og þjappa vel að legsteininum. Sömu aðferð skal beitt ef undirstaða legsteins er platti.

20. gr.

Duftgrafstæði.

Starfsfólk Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma markar duftgrafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlíð legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis.

Heimilt er að jarðsetja eða dreifa ösku í sérstökum reitum innan kirkjugarða sem eru sérstaklega til þess gerðir.

Legsteinar á duftgrafstæðum skulu einkum vera púltsteinar. Staðsetja skal púltstein fyrir miðju grafstæðis við hina afmörkuðu línu fyrir bakhlíð. Einnig er heimilt að setja náttúrustein eða steyptan púltstein með steyptri málmplötu á duftgrafstæði, enda liggja hann þá flatur og sé innan sömu stærðarmarka og púltsteinar, sbr. 4. mgr. hér að neðan. Ef náttúrustein er þykkari en 0,2 metrar skal þess gætt við uppsetningu að hæð frá yfirborði sé ekki hærri en reglur kveða á um. Einfalt duftgrafstæði er að lágmarki 0,75 x 0,75 metrar, tvöfalt duftgrafstæði er 0,75 x 1,5 metrar og fjórfalt duftgrafstæði er 1,5 x 1,5 metrar.

Í **duftreitum við Fossvogskirkju** gildir sú regla að á einföldum og tvöföldum duftgrafstæðum mega púltsteinar vera allt að 0,5 x 0,5 x 0,2/0,1 metrar.

Blómarammar eru ekki leyfðir í duftreitum við Fossvogskirkju.

Í **duftreitunum á Sóllandi** gildir eftirfarandi:

- A. Á hólmagröfum er einungis heimilt að hafa púltsteina og skulu þeir vera 0,5 x 0,5 x 0,2/0,1 metrar að hámarksstærð. Einnig er heimilt að setja náttúrustein á duftgrafstæði á hólmagröfum, enda liggja hann þá flatur og sé innan sömu stærðarmarka og púltsteinar. Hægt verður að hafa kross eða önnur trúartákn á hólmagröf og verða þau þá að vera liggjandi eins og púltsteinn og takmarkast stærðin við umfang leyfðra púltsteina. Ekki er heimilt að setja upprétt trúartákn á hólmagrafir. Á tvöfalt duftgrafstæði í hólmagrafssvæðum er heimilt að setja lengri gerð púltsteins sem er 0,5 x 1,0 x 0,2/0,1 metrar að stærð. Ef um þrefalt eða fjórfalt duftgrafstæði er að ræða þurfa púltsteinar að vera tveir eða fleiri.
- B. Á skógargröfum eru leyfðir uppréttir legsteinar og er hámarkshæð þeirra 0,5 metrar, mælt frá jarðvegsyfirborði, að meðtöldu skreyti (fluglastyttur o.fl.). Hámarksbreidd legsteina á skógargröfum er 0,5 metrar og skal grunnflötur uppréttra legsteina ekki vera meiri en 0,5 x 0,25 metrar að meðtöldum sökklí. Heimilt er að setja upp trékrossa eða önnur trúartákn á skógargröfum, þó ekki hærri en 0,5 metrar, mælt frá jarðvegsyfirborði. Á tvöfalt duftgrafstæði í skógargrafarsvæðum er heimilt að setja breiðari gerð legsteins sem er 0,5 metra hár og 1,0 metra breiður ef um uppréttan legstein er að ræða, annars púltstein sem er 0,5 x 1,0 x 0,2/0,1 metrar að stærð. Ef um þrefalt eða fjórfalt duftgrafstæði er að ræða þurfa legsteinar að vera tveir eða fleiri.

Blómarammar eru ekki leyfðir í duftreitunum á Sóllandi.

Í **duftreitunum í Kópavogskirkjugarði og Gufuneskirkjugarði** gildir eftirfarandi:

- A. Á einföldum og tvöföldum duftgrafstæðum mega púltsteinar vera allt að 0,5 x 0,5 x 0,2/0,1 metrar.
- B. Leyfðir eru uppréttir legsteinar. Hámarkshæð þeirra er 0,5 metrar, mælt frá jarðvegsyfirborði, að meðtöldu skreyti (fluglastyttur o.fl.). Hámarksbreidd þeirra er 0,5 metrar og skal grunnflötur uppréttra legsteina ekki vera meiri en 0,5 x 0,25 metrar að meðtöldum sökklí. Heimilt er að setja upp trékrossa eða önnur trúartákn, þó ekki hærri en 0,5 metrar, mælt frá jarðvegsyfirborði.
- C. Blómarammar eru leyfðir á tvöföld duftgrafarstæði og skulu þeir koma í framhaldi af undirsteini legsteins. Hámarksbreidd blómaramma er 0,5 metrar og heildarlengd undirsteins og blómaramma er 0,8 metrar.

D. Í reit minningartrés gilda sérstakar reglur sem nánar eru útfærðar af Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma. Ekki eru leyfð minnismerki og blómarammar.

21. gr.

Trékross.

Setja má trékross á alla grafreiti þar sem ekki er minnismerki. Trékrossar skulu vera úr gegnheilum fúavörðum við. Hámarkshæð trékrossa á kistugrafstæði er 1,3 metrar frá jörðu, en 0,5 metrar á duftgrafstæði nema á hólmagröfum á Sóllandi, sbr. 20. gr.

22. gr.

Samskeyti á legsteinum og blómarömmum.

Öll samskeyti á legsteinum og blómarömmum eiga að vera límd saman. Nota skal viðurkennt efni til slíkra líminga. Þegar legsteinar að viðbættum platta eru hærri en 0,8 metrar skulu allar samsetningar vera teinaðar saman með ryðfríum stálteinum. Teinarnir límast inn í steinhlutina með tveggja þátta steinlími.

23. gr.

Ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki.

Þegar minnismerki, umbúnaður grafar, girðingar og þess háttar, er svo úr sér gengið, sigið og/eða komið að falli, svo að af stafar hætta, eða er óviðeigandi, skal gera umráðamanni grafarstæðisins viðvart. Beri það eigi árangur eða náist eigi til hans, er starfsfólki Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma heimilt að fjarlægja umgerðina og/eða minnismerkið. Skal það þá gert í samræmi við fyriræli í 26. gr. laga um kirkjugarða, grefrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

24. gr.

Aðrar gerðir minnismerkja.

Í sérstökum tilvikum getur kirkjugarðsstjórn heimilað aðrar gerðir minnismerkja en kveðið er á um í reglum þessum.

III. KAFLI

Umgengni.

25. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til umgengni í öllum kirkjugörðum innan Reykjavíkurprófastsdæma. Kirkjugarðarnir eru friðhelgir. Í kirkjugörðunum er sérhver hávaði eða ys bannaður.

Öllum er frjálts för um kirkjugarðana með þeim takmörkunum sem af þessum reglum leiðir.

26. gr.

Dýr.

Í kirkjugörðunum er bannað að fara um með hesta nema með sérstöku leyfi. Önnur dýr, svo sem hundar, eru leyfð í taumi, hirt skal upp eftir þau og sérstaklega gætt að ónæði. Virðing skal borin fyrir legstæðum. Að öðru leyti er vísað í reglur um dýrahald hjá viðkomandi sveitarfélagi.

27. gr.

Opnunartími.

Kirkjugarðar innan Reykjavíkurprófastsdæma eru opnir allan sólarhringinn fyrir gangandi vegfarendur. Opnunartími aksturshliða eru ákveðin af kirkjugarðastjórn. Akstur á grafarstígum er óheimill.

Öll umferð vélknúinna ökutækja og reiðhjóla er bönnuð í Hólavallagarði, nema með sérstöku leyfi hverju sinni.

28. gr.

Hámarkshraði.

Hámarkshraði ökutækja í kirkjugörðunum má aldrei fara yfir 20 km á klukkustund.

29. gr.

Flygildi.

Óheimilt er að fljúga flygildi innan og yfir kirkjugarðana, nema með sérstöku leyfi.

30. gr.

Vinna í garðinum.

Enginn má vinna í görðunum, gegn gjaldi, nema með skriflegu samþykki Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Á eftirfarandi helgidögum er öll vinna í görðunum bönnuð: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla frá kl. 18.00 og jóladag.

31. gr.

Frágangur.

Eigi má skilja eftir á leiðum eða götum garðanna; mold, jurtaleafar, eða nokkuð annað, sem óprýði, óþrifum eða truflun getur valdið. Allt slíkt skal setja í til þess ætluð ílát eða á til þess ætlaða staði.

32. gr.

Mannsöfnuður.

Tilkynna skal lögreglu um mannsöfnuð sem eigi telst viðeigandi að safnist saman í kirkjugarði.

33. gr.

Gróðursetning plantna.

Eigi má sá til eða gróðursetja neins staðar í löndum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma tré, runna og jurtir sem með sjálfsáningu, rótarskoti eða á annan hátt offjölgar, þannig að hætta sé á að plönturnar breiðist út til annarra legstæða eða hindri umferð við göngustíga og brautir kirkjugarðs.

34. gr.

Heimild til þess að fjarlægja plöntur.

Sái einhver eða gróðursetji slíkar plöntur, sem um ræðir í 33. gr., eða ef greinar jurta, runna og trjáa hindra umferð við göngustíga og brautir kirkjugarðs, hefur kirkjugarðsstjórn heimild til að útrýma viðkomandi plöntum, á kostnað þess sem gróðursetti þær. Ef ekki er vitað hver gróðursetti viðkomandi plöntur, þá jafnvel á kostnað skráðra aðstandenda viðkomandi legstæðis.

35. gr.

Fjarlæging minnismerkja eða varanlegra hluta.

Ekki má, án sérstaks leyfis Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, fjarlægja neitt af legstæðum, svo sem minnismerki eða aðra varanlega hluti.

36. gr.

Skemmdir af völdum náttúruafla eða skemmdarvarga.

Stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma ber eigi skaðabótaábyrgð á, þótt umbúnaður grafarstæðis, minnismerki, gróður eða annað, sem á grafarstæði kann að vera, verði fyrir skemmdum eða ónýttist af völdum náttúruafla eða skemmdarvarga.

37. gr.

Legstæði í óhirðu.

Legstæði, sem verið hefur í óhirðu í 3 ár samfleytt, er Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma heimilt að láta tyrfa, malbera, eða gera aðrar ráðstafanir, sem auðvelda umhirðu þess.

38. gr.

Skaðabætur.

Skaðabætur skulu ekki koma til rétthafa grafarstæðis, ef beita verður ákvæðum 23. eða 37. gr.

Skaðabætur skulu ekki koma til rétthafa grafarstæðis ef tjón hlýst við umhirðu þar sem grafir eru í óhirðu, sbr. 23. eða 37. gr.

39. gr.

Legstæði í góðu ásigkomulagi.

Þótt grafarfriðun sé útrunnin skal eigi flytja uppistandandi minnismerki eða raska umbúnaði legstæðisins sé það í góðu ásigkomulagi.

IV. KAFLI

Viðurlög, gildistaka o.fl.

40. gr.

Lögreglusamþykkt.

Auk framantalinna sérákvæða gilda ákvæði lögreglusamþykktar eftir því sem við á á öllum athafnasvæðum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

41. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 52. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

42. gr.

Ágreiningur.

Rísi ágreiningur um túlkun þessara reglna má skjóta þeim málum til úrskurðar kirkjugarðaráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun kirkjugarðsstjórnar.

43. gr.

Gildistaka.

Þessar reglur eru settar samkvæmt tillögu stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma samkvæmt heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greiftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, nr. 775/2015, reglur um stærð og frágang minnismerkja í umdæmi kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, nr. 892/2009, og reglur um umgengni í kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma, nr. 810/2000.

Dómsmálaráðuneytinu, 5. maí 2026.

F. h. r.

Berglind Bára Sigurjónsdóttir.

Ólöf María Vigfúsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 21. maí 2026